

**Ed.**

**120. Tillaga**

til þingsályktunar um styrk og lán til flóabáta.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að veita hlutaðeigandi hjeruðum árið 1917 styrk til tveggja flóabáta, annars á Austfjörðum, en hins á

Húnaflóa, alt að 20 þúsund krónum til hvors, samkvæmt skilyrðum gildandi fjárlaga.

En reynist ómögulegt að fá bátana leigða, þá heimilast landsstjórninni einnig að veita hjeruðunum bráðabirgðalán með 5% ársvöxtum til að kaupa slíka báta, alt að 90 þúsundum króna til hvors.

Gert er ráð fyrir, að bátarnir sjeu ekki minni en 100 smálestir hvor.

Í viðbót við þann 5000 kr. styrk, sem veittur er í gildandi fjárlögum, 13. gr. C. III. 5. a., fyrir árið 1917, heimilast landsstjórninni að greiða 5000 kr. styrk til mótorbáts Skaftfellinga til flutninga með suðurströndinni, enda sje áætlun bátsins gerð með samráði hlutaðeigandi sýslunefnda.